



Stjórnarfundur LH 9.júlí 2013 Haldinn í ÍSí Laugardal

Mættir:

Aðalmenn:Haraldur Þórarinnsson, Andrea Þorvaldsdóttir, Þorvarður Helgason, Sigrún Þórðardóttir, Oddur Hafsteinsson

Varamenn:Helga B. Helgadóttir, Sigurður Ágústsson og Stefán Gunnar Ármannsson.

Gestir : Bjarnleifur Bjarnleifsson formaður Landsliðsnefndar

Dagskrá fundarins:

- HM 2013 undirbúningur – fulltrúar frá landsliðsnefnd mæta og segja frá undirbúningi fyrir HM í Berlín
- Staða Landsmóts ehf.
- Hugmynd að mótaröð á vegum LH
- Önnur mál

1. Fundargerðir fyrri funda

Fundargerð 5 og 6 voru lagðar fram.

Óskað var eftir nánari upplýsingum um eftirfarandi mál.

Með hvaða hætti eigi að skoða átak til í nýliðun innan hestamenskunnar.

Hugmyndin er að ákveðnar tillögur verði lagðar fyrir formannafund nú í haust til umræðna. Þær tillögur komi frá nefndum sem hafa verið að skoða þessi mál.

Óskað eftir upplýsingum um hvernig leyfisveitingar til reiðskóla eigi að skoðast. Það verður skoðað með því að senda bréf til MAST.

Athugasemd var gerð við hversu lengi fundargerðir væru að berast eftir fundi ásamt því að þær eigi að birtast 10 dögum eftir fund á heimasíðu sambandsins. Þá var rætt hversu ítarlegar fundargerðir ættu að vera, töluverðar umræður urðu um innihald fundargerða. Fundargerðir eiga að vera í knöppu formi sem segir niðurstöðu stjórnar í einstökum málum en ekki umræður eða skoðanir einstakra fundarmanna.

Umræða um boðun á stjórnarfundum: Rætt er um það hvort varamenn eigi alltaf að boða á fundum eða ekki. Reglan var sú að varamenn voru bara boðaðir á fyrsta og síðasta fund stjórnar. Síðustu ár hafa varamenn verið boðaðir á stjórnarfundum nema þegar legið hefur fyrir atkvæðagreiðsla. Fyrir mistök misfórst að boða varastjórn á síðasta fund og það Haraldur afsökunar á þeim misbresti.

2. HM 2013 undirbúningur

Formaður landsliðsnefndar fór yfir máefni landsliðsnefndar. Breyting á landsliðslykli var sú að tvö valsæti bættust við hjá ungmennum. Í vetur var sú nýjung tekin upp að fundarhöld og námskeið voru haldin fyrir þá sem áhuga sýndu á því að komast í liðið. Þessi námskeið og fundarhöld þykja hafa tekist ágætlega.

Helstu verk nefndarinnar í vetur voru svellin, Svellkaldar og Allra sterkustu en báðir viðburðir gengu vel og skila hátt í 4 milljónum af sér, ásamt því að skipuleggja vetrarstarfið og undirbúning fyrir HM2013..

Úrtakan fyrir HM fór illa af stað vegna veðurs og slæms ástands vallar en endaði vel – sé horft á árangur knapa þrátt fyrir byrjunar erfiðleika var hann nokkuð góður.



Guðmundur Guðmundsson og Sigurður Sæmundsson héldu góða fyrirlestra á fundi fyrir þá sem þá þegar voru komnir í liðið, sem og aðra áhugasama.
Kynning á landsliðinu fer fram í Líflandi 10.júlí. Þar verða 20 knapar kynntir af 21 knapa. Mánudaginn 15.júlí mun liðið verða fullskipað.

Fyrsta dýralæknaskoðun á vegum landsliðsnefndar fór fram 8.júlí og fór sú skoðun vel fram og niðurstaðan var mjög góð fyrir hestana, allir í góðu standi.

Knapar komnir í liðið:

Arna Ýr Guðnadóttir

Arnar Bjarki Sigurðsson

Flosi Ólafsson

Konráð Valur Sveinsson

Gústaf Ásgeir Hinriksson

Viðar Ingólfsson

Guðlaug Marín Guðnadóttir

Jakob Svavar Sigurðsson

Hinrik Bragason

Eyjólfur Þorsteinsson

Jóhann Rúnar Skúlason

Bergþór Eggertsson

Daníel Jónsson

Sigursteinn Sumarliðason

Guðmundur Björgvinsson 2 hestar

Sigurður Óli Kristinsson

Knapi fyrir Árna Björn

Þórður Þorgeirsson

Elías Árnason

Frá 17.júlí mun landsliðsnefndin byrja að flytja dót til Keflavíkur en þá fer fyrsti skammtur af heyi og öðrum búnaði. Knapar og hestar munu fara með síðustu ferð, 28.júlí.

Dýralæknisskoðun á þeim hrossum sem fara á HMMun fara fram á Grænhóli miðvikudaginn 24.júlí. Þá hefur dóttir eiganda Ólivers frá Kvistum boðist til að sjá um alla dýralæknþjónustu fyrir íslenska liðið í Berlín að kostnaðarlausu.

Aðstoðarmenn Hafliða verða Sigurbjörn Bárðarson, Sigurður Sæmundsson, Rúna Einarsdóttir ásamt Hugrónu Jóhannesdóttur.

Heildarkostnaður við ferð landsliðsins er í kringum 24 milljónir. Flug og hótél kosta um 9 milljónir samtals og eru því stærsti kostnaðarliðurinn.

Mörg góð fyrirtæki hafa staðið vel við bakið á LH við að koma liðinu út. Verður þeirra getið í skýrslu landsliðsnefndar en styrkur frá þessum fyrirtækjum er forsenda fyrir því að koma landsliði Íslands í hestaíþróttum á heimsleika hestsins.

Uppgjör fyrir þetta verkefni verður kynnt stjórn eins fljótt og auðið er.

3. Staða Landsmóts hestamanna ehf.

Rætt ummjög slæma stöðu Landsmóts hestamanna ehf. Stjórn LM ehf samvinnu við ráðuneyti og lánastofnanir unnið að lausnum vegna LM eh. Beðið er viðbragða frá stjórnvöldum áður en næstu skref verða tekin.

4. Hugmyndir um mótaröð á vegum LH

Samþykkt var á síðasta LH þingi að stjórn LH komi af stað mótaröð innan hús og utan. Hugmyndin að fram fari mótaröð í hverjum fjórðundi á Ís og innanhúss rædd.

Þá var rætt hvort hestamannafélögin og LH eigi ekki að stilla sínum viðburðum upp fyrir hvert tímabil og aðrir viðburðir en þeir sem eru á vegum félaganna og LH séu ekki löglegir þar sem notast er við aðstöð, dóma, tölvu og eftirlitskerfi sem félögin og LH hafa byggt upp. Er eðlilegt að félagskerfið byggji upp velli og regluverk sem unnið er að stærstum hluta í sjálfbóðaliðsvinnu og aðrir noti svo endurgjaldslaust eða fyrir lítið gjald og stundum í samkeppni við félögin? Þarf að ræða á formannafundi.



5. Önnur mál

- a) Lög og reglur LH, rætt um að fá lögfróða menn til að lesa yfir Lög og reglur LH. Á næsta stjórnarfundum verði lagður fram listi yfir hugsanlega einstaklinga til að vinna verkið.
- b) Erindi frá Ólafíu Bjarnleifsdóttur – Í þágu hestsins
Tekið var fyrir ósk um styrkveitingu frá Ólafíu Bjarnleifsdóttur um styrk vegna námskeiðs sem nefnist „Í þágu hestsins“. Stjórn sammála um að hér væri gott og áhugavert námskeið en sér ekki fært að styrkja það.
- c) Nordic Gæðingakeppni 2013
Ákveðið var að auglýsa Nordic Gæðingarkeppnina á heimasíðu LH og annara hestamiðla og að þeir sem hefðu áhuga á að keppa gætu skráð sig á heimasíðu LH. LH hefur ekki tök á að leggja verkefninu fjárhagslegan stuðning en mun veita því stuðning með vinnuafli og upplýsingagjöf.
- d) Umræður sköpuðust um mótið og á hvers vegum það væri. Hvort það væri eðlilegt að senda lið á vegum sambandsins á mót sem væri á vegum einkaaðila. Stjórn var sammála að framtakið væri gott og ætti að styrkja framgang gæðingakeppna eins og hægt væri. Var ákveðið að stjórn LH muni skoða aðkomu sína að slíkum mótum í framhaldinu og hvernig því væri best háttað. FEIF og LH hafa verið að vinna að útbreiðslu gæðingakeppninnar og hefur það gengið nokkuð vel. Stjórn sammála um að það sé hlutverk LH og FEIF að halda utan um útbreiðslu á gæðingakeppni innan FEIF.
- e) Eignarnám á Munkabverá
Ljóst að einhver kostnaður muni hljóta af þessu máli, en hversu hár hann verður er enn óljóst. Stjórn sammála um að þak verði sett á þann kostnað sem af þessu getur hlotist. Niðurstaðan er sú að þetta verði unnið í samstarfi við Samgöngunefnd LH og Vegagerðar. Stjórn sammála um að reyna eins og hægt er að finna lausn á þessu máli sem kynnt verði á næsta fundi ef hægt er.
- f) Hlutur í skráningargjöldum
Oddur fer yfir skráningargjöld, hvað hver aðili fær stóran hlut í skráningargjöldum. Tölurnar frá Oddi samþykktar. Sjá gögn frá Oddi.

Fundi slitið.

Fundargerð ritaði Anna Lilja Pétursdóttir